Vesturbyggð
Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 4. janúar 2023
2211063 ÞSS

Efni: Umsögn Vesturbyggðar um Grænbók um sveitarstjórnarmál.

Bæjarráð fól undirritaðri Þórdísi Sif Sigurðardóttur, bæjarstjóra, að skrifa og skila umsögn fyrir hönd Vesturbyggðar, um Grænbókina um málefni sveitarfélaga, stöðumat og valkosti.

Vesturbyggð telur að gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaganna vera starfsemi ríkis og sveitarfélaga til framdráttar. Það að stefnumótuninni sé ætlað að ná samhæfingu í stefnum málaflokka ráðuneytisins: byggðaáætlun, samgönguáætlun, landsskipulagsstefnu, húsnæðisstefnu og stefnu í sveitarstjórnarmálum, er einnig mikilvægt þar sem þessir málaflokkar hafa allir áhrif á hvern annan.

Vesturbyggð telur vinnu við stefnumótun í málefnum sveitarfélaga, í góðu samstarfi við sveitarfélögin af hinu góða. Hér að neðan eru tiltekin nokkur atriði sem undirrituð taldi mikilvægt að koma á framfæri að svo stöddu.

1. **Búsetufrelsi**
   Í inngangi grænbókarinnar, kafla 1.2., segir að fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttrar samgöngumáta óháð staðsetningu á landinu sé grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi.
   Vesturbyggð telur framangreint grunnstef í hugtakinu búsetufrelsi gefa tilefni til jákvæðni íbúa í dreifðari byggðum um fjarlægð frá grunnþjónustu þar sem m.a. er lögð áhersla á með samhæfingu stefna og áætlana í þágu búsetufrelsis skuli unnið að góðu aðgengi að þjónustu, eflingu vinnu- og skólasóknarsvæðis, eflingu atvinnulífs og sem flestum óstaðbundnum störfum svo fátt eitt sé nefnt.
   Hljóta öruggar samgöngur að vera undirstaða að mörgu því er teljast grunnstef til búsetufrelsis og heilbrigðisþjónusta sú þjónusta, auk skólaþjónustu, sem oftast er nefnd þegar verið er að nefna grunnþjónustu og því fagnaðarefni að áhersla er lögð á sambærilega þjónustu og búsetuskilyrði í grænbókinni óháð búsetu.

2. **Breytt lög og reglugerðir, verkefni og stefnumótun**
   Á blaðsíðu 19 í kaflanum Fjármál og rekstur kemur fram að tryggja þurfi að við gerð laga og reglugerða sem leiða af sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin sé unnið kostnaðarmat af viðkomandi ráðuneyti í samráði við sambandið.

Vesturbyggð tekur heilshugar undir mikilvægi kostnaðarmats og mikilvægi þess að skoða áhrif breytinga á ólík sveitarfélög í samráði við sambandið. Nokkur skortur hefur verið á þessu frá því að skilyrði voru sett um kostnaðarmat lagafrumvarpa, stundum eins og ekki hafi verið nægilegur skilningur á málefnum sveitarfélaga og áhrifa breytinga á lögum er varða verkefni sveitarfélaga hefði á fjármál þeirra.
Þegar verið er að setja á ný verkefni, nýjar stefnur eða nýjar innleiðingar, sama með hvaða hætti sú breyting verður, er mikilvægt að huga að því hvað þarf til þess verkefnin verði að veruleika. Það þarf að gera ráð fyrir því að mannauður sé til staðar hjá sveitarfélögunum, hvort sem það varðar þekkingu, tækifæri til þekkingarsköpunar og tíma sem starfsmenn sveitarfélaganna hafa. Undirstaðan að öllu framangreindu er að nægt fjármagn sé áætlað til þess að hægt sé að hrinda verkefnum í framkvæmd, ný verkefni hjá sveitarfélögum þýða sjaldnast að gömul fari út.
Það er fjöldi verkefna og viðfangsefna sem Vesturbyggð telur vera mikilvæg, m.a. innleiðingu heimsmarkmiðanna, loftlagstefna, hringrásarhagkerfið, gerð svæðisskipulags, stafræna umbreytingu og aukið íbúasamráð. Allt eru þetta verkefni sem krefjast meiri tíma starfsfólks og öflunar þekkingar.

3. Sameiningar sveitarfélaga

Markmið með sameiningum sveitarfélaga er að styrkja sveitarfélögin til að gera þau sjálfstæðari, auka sjálfbærni þeirra og færni til að takast á við framtíðar áskoranir.
Við ákvörðun um styrki vegna sameiningar sveitarfélaga þarf að líta til ýmissa annarra þátta en fjölda íbúa, t.d. landfræðilegrar staðsetningar og samgangna milli sveitarfélaga. Önnur atriði en fjöldi íbúa getur haft mikið um það að segja hvort sameining sveitarfélaga gangi vel eða ekki, þar á meðal samgöngur og þjónusta innan sameiginlegs sveitarfélag. Vesturbyggð leggur til að litið verði til annarra þátta en styrkja til sveitarfélaga eftir fyrir fram ákveðinni formúlu. Það mætti t.d. líta til þess að sameinað sveitarfélag fengi ákveðinn meðbyr varðandi mikilvæg atriði í samgönguáætlun, skólamálum, styrki til þjónustuveitingar og menningarmála og fjölgun opinberra starfa. Gætu þetta verið hluti af fjárhagslegum hvötum til að liðka til við sameiningar sveitarfélaga.

4. Fjármál og rekstur

Í grænbókinni kemur fram að tekjur frá jöfnunarsjóði af heildartekjum sveitarfélag með undir 3.000 íbúum nemi um 25% í samanburði við 9% tekna sveitarfélaga með yfir 10.000 íbúa. Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Í fámennari sveitarfélögum eru vegalengdir oft miklar og rekstrareiningar, t.d. skólar, óhagstæðari vegna smæðar stofnana. Fjallvegum og vegalengdum innan sveitarfélaga er ekki eitthvað sem breytt verður við sameiningu í dreifðum byggðum. Tekjuöflunarmöguleikar, landfræðileg staða afskekktra og lítilla sveitarfélaga er enn fremur oft lakari en annarra sveitarfélaga þar sem þjónustan er meiri og landfræðileg staða hagstæðari.
Vesturbyggð telur að varlega þurfi að fara í breytingar á jöfnunarsjóði og líta við þá vinnu til hlutverksjóðsins við stofnun hans. Eins er mikilvægt að fulltrúar ólíkra sveitarfélaga taki þátt í þeirri vinnu.

Vesturbyggð tekur undir að það með grænbókinni að styrkja þurfi tekjustofna og jafnvel fjölga þeim. Nokkuð er um að einstaklingar sem starfa sjálfstætt fari með

starfsemi sína í gegnum félag. Því er mjög mikilvægt að horfa til þess að sveitarfélög fái hlut af fjármagnsskatti. Slíkt þarf þó að vanda og hafa í huga þær sveiflur sem geta verið á þeim tekjum sem og þeim áhrifum sem mögulegar lagabreytingar sem gætu haft neikvæð áhrif á skattlagningu eða fyrirtækjarekstur.

5. Atvinnumál

Í grænbókinni er lögð áhersla á að flest störf verði án staðsetningar, en einhver hluti jafnframt staðbundinn. Það er kominn tími til að endurskoða hugmyndafræðina um störf án staðsetningar og árangur verkefnisins. Það er mikilvægt að líta til dreifingar opinberra starfa, bæði eftir landshlutum og sveitarfélögum.

Vesturbyggð telur ráðlegt að hið opinbera kæmi með sterkari hætti að fjölgun íbúðarhúsnæðis og starfsaðstöðu fyrir störf án staðsetningar, flest viljum við starfa með fólk í kringum okkur, fólk til að leita til og spegla okkar hugmyndir í.

Í grænbókinni er komið inn á að til staðar þurfi að vera fjölbreytt húsnæðisúrræði, m.a. fyrir farandverkafólk. Að mati Vesturbyggðar er það ekki hagur sveitarfélaga að samfélög byggist upp af farandverkafólki, því þrátt fyrir að íbúum fjölgi, þá fylgir því ekki alltaf það sem byggir upp sveitarfélög m.a. börn og þátttaka í samfélaginu.

Vesturbyggð leggur til að hugað verði að því að sett verði upp ívilnanakerfi í formi niðurfellingar námslána eða breyttu skattahlutfalli til að hvetja til dreifðari búsetu að erlendri fyrirmynd.

6. Að lokum

Vesturbyggð tekur undir athugasemdir annarra sveitarfélaga um að í starfshópnum sem er skipaður til að fjalla um málefni allra sveitarfélaga landsins sé enginn fulltrúi sveitarfélaga með undir 4000 íbúa og skorar á ráðherra að bæta fulltrúa frá minni sveitarfélögum í starfshópinn til þess að tryggja að sjónarmið allra komist að við þessa mikilvægu vinnu.

Virðingarfyllst,

_____
Þórdís Sif Sigurðardóttir
Bæjarstjóri